

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Borgarbyggð.

Ásbrún, breyting á deiliskipulagi.

Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar, sem fer með fullnaðarafgreiðsluvald sveitarstjórnar skv. samþykkt um stjórn Borgarbyggðar, samþykkti breytingu á deiliskipulagi Ásbrúnar, á fundi sínum 16. ágúst 2024. Breytingin tekur til lóða innan svæðisins sem og breytinga á almennum skilmálum þar sem lóð númer tvö er aftur sett inn á skipulag og byggingarmagn aukið á lóðum. Áður skilgreint leiksvæði/útivistarsvæði norðan við lóð 2 er fellt út og í stað sett kvöð um aðgengi að svæðinu. Aðkoma að lóðum er af Ásbrúnarvegi um Bæjarsveitarveg.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Borgarbyggð, 10. september 2024.

Ásgerður Hafsteinsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 24. september 2024